



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### Fundargerð.

10. fundur Framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu á Borg, mánudaginn 11. september 2023 kl. 08:30.

#### Eftirfarandi nefndarmenn sátu fundinn:

Smári B. Kolbeinsson, formaður

Björn Kristinn Pálmarsson

Porkell Porkelsson

#### Aðrir fundarmenn:

Ása Valdís Árnadóttir, Oddviti

Iða Marsibil, sveitarstjóri

Ragnar Guðmundsson, umsjónarmaður aðveitna

Steinar Sigurjónsson, umsjónarmaður umhverfismála

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Smári B. Kolbeinsson.

### 1. Framkvæmdir í Grímsnes- og Grafningshreppi 2023

Ragnar kynnti stöðu þeirra verkefna sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2023.

*Lagt fram til kynningar.*

### 2. Minnisblað vinnuhóps um útboð snjómoksturs dags. 31.8.2023

Fyrir liggur minnisblað vinnuhóps um útboð snjómoksturs dags. 31.08.2023.

*Lagt fram til kynningar.*

### 3. Heitavatnsöflun í sveitarfélaginu – kynning á stöðu

Ragnar og Smári fóru yfir stöðu heitavatnsöflunar í sveitarfélaginu. Verið er að ganga frá samkomulagi við landeigendur í Vaðnesi og eigendur Orkubús Vaðness ehf. um kaup á Orkubúinu. Jafnframt hefur átt sér stað samtalið við Veitur um möguleg kaup á heitu vatni úr borholu í Öndverðarnesi.

*Framkvæmda- og veitunefnd telur þær viðræður sem hafa átt sér stað um frekari heitavatnsöflun jákvætt skref við að efla veitur sveitarfélagsins. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að skoða fleiri valkosti í heitavatnsöflun fyrir sveitarfélagið til að tryggja rekstraröryggi hitaveitunnar.*



## Framkvæmda- og veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps

### 4. Kaldavatnsöflun í sveitarfélaginu

#### a. Rannsóknir á vatnslindum í Kaldárhöfða

Fyrir liggur minnisblað Ragnars Guðmundssonar dags. 24.8.2023 um rannsóknir á vatnslindum í Kaldárhöfða. Staða og næstu skref.

*Lagt fram til kynningar.*

#### b. Minnisblað ÍSOR dags. 14.06.2023 um rennsli úr lindum austanvert í landi Hallkelshóla

Fyrir liggur minnisblað ÍSOR dags. 14.06.2023 um rennsli úr lindum austanvert í landi Hallkelshóla.

*Lagt fram til kynningar.*

### 5. Miðsvæði og Tún – Teikningar og yfirferð

Fyrir liggur teikningahefti fyrir nýtt miðsvæði og tún sem er nýtt hverfi sem er fyrirhugað vestan við núverandi byggð á Borg.

*Teikningaheftið lagt fram til kynningar.*

### 6. Borgarteigur og L3 - Deiliskipulag

Lagt fram til upplýsinga deiliskipulagstillaga sem er í vinnslu fyrir golfvallarsvæði við Minni-Borg ásamt deiliskipulagstillögu fyrir Borgarteig sem er svæði í flokki L3 við Minni-Borg. Í tillögunni fyrir Borgarteig er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu inn á svæðið og verður eldri vegtenging aflögð.

*Lagt fram til kynningar.*

### 7. Athafnasvæði – verkfundargerð dags. 14.08.2023

Fyrir liggur fundargerð frá fyrsta verkfundi um verkið „Athafnasvæði við Sólheimaveg“.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

### 8. Skipting á Björk – Minnisblað ÍSOR

Fyrir liggur minnisblað ÍSOR dags. 23.05.2023 um skiptingu jarðarinnar Björk 1 og afmörkun vatnstökusvæðis.

*Lagt fram til kynningar.*

Ekki fleira tekið fyrir og fundið slitið kl. 10:30